

## 375. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 6. júlí 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður  
Eyþór Benediktsson,  
Guðmundur Kristinsson,  
Óli Jón Gunnarsson, bærarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Bærarstjóri setti fund.

1. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.  
**Dagný Þórisdóttir var kosin formaður bæjarráðs. Formaður tók við stjórn fundar, en fól síðan bærarstjóra fundarstjórn. Eyþór Benediktsson var kosinn varaformaður bæjarráðs.**
2. Fundargerðir nefnda.
  - 2.1. Húsnæðisnefnd Stykkishólms, dags. 15.6.2004.  
**Fundargerð framlögð og samþykkt.**
  - 2.2. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 16.6.2004.  
**Fundargerð lögð fram og samþykkt.**
3. Aðrar fundargerðir.
  - 3.1. 145. fundur Eflingar Stykkishólms, dags. 8.6.2004.
  - 3.2. 49. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags. 6.5.2004.
  - 3.3. Fulltrúaráð FVA, dags. 21.6.2004.
  - 3.4. Skólanefnd FVA, dags. 15.6.2004.  
**Fundargerðir framlagðar.**
4. Greinargerð undirbúningsnefndar vegna byggingar leikskóla, dags. 20.6.2004.  
**Greinargerð lögð fram og undirbúningsnefnd þökkuð vel unnin störf. Staðsetningu leikskólabyggingar vísað til skipulags- og bygginganefndar.**
5. Samningur við KSÍ vegna byggingar sparkvallar.  
**Samningur við KSÍ um byggingu sparkvallar lagður fram. Bærarstjóra falið að undirrita samninginn. Framkvæmdakostnaður tekinn inn við fjárhags-áætlunargerð fyrir árið 2005.**
6. Bréf bærarverkstjóra vegna tækjakaupa, dags. 22.6.2004.  
**Samþykkt að kaupa sláttuvélatraktor samkvæmt greinargerð bærarverkstjóra.**
7. Bréf Hafðísar Björgvinsdóttur, dags. 14.6.2004.  
**Bréf Hafðísar lagt fram. Bæjarráð þakkar Hafðísi fyrir ábendinguna og beinir erindinu til nánari skoðunar hjá FSS.**
8. Lóðarumsóknir.
  - 8.1. Birna Sævarsdóttir sækir um Hjallatanga 11, fyrir einbýlishús.  
**Bæjarráð samþykkir að veita Birnu Sævarsdóttur lóð undir einbýlishús að Hjallatanga 11. (GK sat hjá.)**
  - 8.2. Kristinn Ó. Jónsson sækir um lóð við Hjallatanga 22, fyrir einbýlishús.  
**Bæjarráð samþykkir að veita Kristni Ó. Jónssyni lóð undir einbýlishús að Hjallatanga 22.**
  - 8.3. Þórir Thorlacíus sækir um lóð við Hjallatanga 38, fyrir einbýlishús.  
**Afgreiðslu frestað þar sem þetta er utan auglýstra lóða.**

9. Umsóknir um námsleyfi o.fl.  
**Umsókn Hreins Þorkelssonar samþykkt, samkvæmt reglum Stykkishólmsbæjar um námstyrki. Umsókn Írisar Huldar Sigurbjörnsdóttur samþykkt, samkvæmt reglum Stykkishólmbæjar. Samþykkt að veita Ástu Valdísi Guðmundsdóttur ársleyfi frá störfum.**
10. Bréf Siglingastofnunar, dags.29.6.2004.  
**Bréf Siglingastofnunar lagt fram. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir um áætlunina, sem fram kemur í bréfinu.**
11. Bréf formanns KKÍ, dags.28.6.2004.  
**Þakkarbréf frá KKÍ vegna móttöku að loknum landsleik Íslands og Belgíu þann 26. júní s.l.**
12. Bréf frá Kolding kommune, dags.17.6.2004.  
**Bréf frá Kolding kommune lagt fram, þar komu fram þakkir fyrir vinalegar móttökur sem embættismenn og bæjarstjórnarmenn frá Kolding fengu í heimsókn sinni til Stykkishólms þann 13. júní 2004.**
13. Samningur vegna stofnbúnaður fyrir Fjölbautaskóla Snæfellinga.  
**Bæjarstjóri gerði grein fyrir samningnum. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við samninginn.**
14. Gatnagerðaframkvæmdir við Hjallatanga annar áfangi.  
**Bæjarstjóri gerði grein fyrir framkvæmdinni. Bæjarráð samþykkir að fara í þessa framkvæmd.**
15. Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði leikskóla.  
**Lokaskýrsla um samstarf leik- grunn og tónlistarskóla í Stykkishólmi, með aðaláherslu á tónlist lögð fram.**

Fundargerðin upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10.

Þór Örn Jónsson bæjarritari